

Reykjavík, 15. janúar 2020

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra,
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Ferðafélags Útivistar um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð

Ferðafélagið Útivist fagnar því að fram er komið frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð. Útivist er aðili að samstarfsverkefni sem ýtt var úr vör í ársbyrjun 2016. Að því verkefni stóðu 28 útivistar- og náttúruverndarsamtök, auk samtaka fyrirtækja í ferðaþjónustu. Markmið þessa samstarfs var að skapa víðtæka sátt um þjóðgarð á miðhálandi Íslands á grundvelli viljayfirlýsingar sem samstarfsaðilarnir undirrituðu. Í þessari viljayfirlýsingu eru settar fram forsendur er varða náttúruvernd, aðgengi og réttindi almennings í þjóðgarðinum, tækifæri og aðkomu hagaðila (náttúruverndarsamtaka, útivistarhreyfinga og ferðaþjónustu) að stjórnun garðsins. Afstaða Ferðafélagsins Útivistar til miðhálandisþjóðgarðs er grundvölluð á þessari viljayfirlýsingu og félagið styður stofnun þjóðgarðs sem heldur í heiðri þau sjónarmið sem þar koma fram.

Athugasemdir við einstaka greinar.

1. gr.

„Lög þessi gilda um friðlýsingu og verndun náttúrufars innan Hálandisþjóðgarðs, um hlutverk og skipan stjórnar og umdæmisráða fyrir þjóðgarðinn, skiptingu hans í rekstrarsvæði og um þjónustumiðstöðvar í þjóðgarðinum.“

Hér teljum við rétt að getið sé um tryggt aðgengi almennings að náttúru hálandisins, en það er eitt af megin markmiðum Hálandisþjóðgarðsins eins og fram kemur í 3. grein.

3. gr.

Greinin fjallar um markmið Hálandisþjóðgarðs.

Í öðrum tölulið greinarinnar segir:

„Gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru, menningu og sögu þjóðgarðsins.“
Hér teljum við einkennilegt orðalag að tala um að kynnast náttúru. Eðlilegra og raunar nægjanlegt er að tala aðeins um að njóta náttúru.

Í fjórða tölulið segir:

„Stuðla að því að almenningur geti stundað heilnæma útivist innan þjóðgarðsins í sátt við

náttúru og menningarminjar.“

Við leggjum til að hér sé felld út orðið *heilnæma*. Hér er um að ræða gildishlaðið hugtak og ekki liggur fyrir nein skilgreining á merkingu orðsins í þessu samhengi. Það býður upp á margskonar túlkanir og óparfa ágreining og þjónar á engan hátt markmiðum þjóðgarðsins.

10. gr.

Greinin fjallar um hefðbundnar nytjar.

Hefðbundin landnýting, s.s. búfjárbætt, fuglaveiði, hreindýraveiði og veiði í ám og vötnum, er rétt höfð heimil í þjóðgarðinum enda séu uppfyllt ákvæði 2. gr. þessarar laga og þeirra laga sem um nýtinguna fjalla og að nýtingin sé sjálfbær.

Við teljum að ekki sé rétt að takmarka heimild hér við *rétthafa*. Almennigur hefur haft heimild til tiltekinna nytja í þjóðlendum samkvæmt lögum um náttúruvernd, svo sem til veiða. Ekki er hægt að skilja það svo að með orðinu rétt hafa sé verið að vísa til almennings. Því teljum við nauðsynlegt að fella orðið út.


11. gr.

Greinin fjallar um orkunýtingu.

Deila má um hvort eðlilegt sé að gert sé ráð fyrir nýjum virkjunum innan þjóðgarðsmarka. Mannvirki á borð við virkjanir fellur illa að markmiðum þjóðgarðsins. Hér er því slegið af markmiðum um verndun náttúru til að koma á mót við þau sjónarmið að þörf sé á að nýta þá möguleika sem fyrir hendi eru til orkuöflunar á hálendinu og rammaáætlun um virkjanakosti býður upp á. Í greininni koma þó fram tilteknar takmarkanir til mótvægis. Annars vegar að haft sé til hliðsjónar við mat á virkjanakostum í biðflokkum að um er að ræða virkjanakost innan þjóðgarðs. Hins vegar að litið sé til þess hvort um raskað svæði sé að ræða. Mjög mikilvægt er að þessi ákvæði til mótvægis séu til staðar í lögnum og þau séu virt.

Virðingarfyllt,

F.h. Ferðafélagsins Útivistar



Þórarinn Eyfjörð formaður



Skúli H. Skúlason framkvæmdastjóri